

Ed.

539. Breytingartillögur

[146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómannanna og undirmanna á farskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Síðasti másl. 2. málsg. orðist svo:

Ráðherra skal ákveða, að sjómenn, sem þessi mgr. tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, ef fram kæmu um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið.

2. Við 6. gr. 5. og 6. málsg. orðist svo:

Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launagreiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðsstjórnar.